

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Nesja, Illagil.

Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir að þakhalli verði á bilinu 0-45 gráður. Hámarksnýtingarhlutfall lóðar verður 0,03 auk þess sem aukahús mega vera allt að 40 m² að stærð. Samþykkt í sveitarstjórn 20. ágúst 2014.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 18. desember 2014.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2014